

Til heilbrigðisráðuneytisins

Afrit: Rúna Hauksdóttir Hvannberg, forstjóri Lyfjastofnunar

Afrit: Fjölmiðlar

Reykjavík, 3. janúar 2022

Stjórnsýslukæra

I. Kærandi

Samtökin frelsi og ábyrgð, kt. 491121-3510.

II. Kærð ákvörðun

Kærð er sú vanræksla Lyfjastofnunar að afturkalla ekki, sbr. 16. gr. lyfjalaga nr. 100/2020, ákvörðun sína frá 21. desember 2020 að veita skilyrt markaðsleyfi fyrir Comirnaty bóluefnið fyrir 5-11 ára börn.

Um skyldur Lyfjastofnunar í þessum efnum er nánar vísað til ákvæðis b. liðar 16. gr. laga nr. 100/2020 þar sem mælt er fyrir um skyldu til afturköllunar markaðsleyfis lyfs þegar talið er að sambandið milli ávinnings og áhættu af notkun lyfsins sé ekki hagstætt.

III. Kröfur kæranda

Þess er krafist að ráðherra leggi fyrir Lyfjastofnun að afturkalla án tafar skilyrt markaðsleyfi fyrir bóluefnið Comirnaty fyrir 5-11 ára börn, enda hafa ekki komið fram gögn sem sýna að ávinningur bóluefnisins gegn omicron afbrigði SARS-CoV-2 veirunnar sé meiri en áhætta af notkun þess.

IV. Kæruheimild.

Stjórnsýslukæra þessi er sett fram með vísan til 107. gr. [lyfjalaga nr. 100/2020](#)¹.

V. Málsvik

Kæra þessi er rituð af brýnni nauðsyn í ljósi yfirvofandi notkunar framangreinds lyfs hjá börnum, þar sem telja má líklegt að fyrirhugaðri notkun lyfsins geti fylgt meiri áhætta en ábati gagnvart börnum í þeim aldurshópi sem hér um ræðir.

Vakin er athygli á því að upplýsingar á fylgiseðli Comirnaty um ætlaða virkni þess gegn COVID-19 eru með tilkomu omicron afbrigðisins orðnar úreltar og gefa notendum ekki rétta mynd af virkni bóluefnisins.

¹ [Lyfjalög nr. 100/2020](#)

VI. Röksemdir kæranda

Samkvæmt ákvæði 16. gr. lyfjalaga nr. 100/2020 ber Lyfjastofnun að afturkalla, fella niður tímabundið eða breyta markaðsleyfi lyfs ef:

- a. talið er að lyfið sé skaðlegt eða búi ekki yfir lækningaverkun,
- b. talið er að sambandið milli ávinnings og áhættu af notkun lyfsins sé ekki hagstætt,
- c. talið er að eigindleg og meginindleg samsetning lyfsins sé ekki sú sem tilgreind var þegar sótt var um markaðsleyfi,
- d. nauðsynlegar upplýsingar sem fylgdu umsókn um markaðsleyfi lyfs reynast rangar.

Þegar þetta er ritað liggur fyrir að sjálfur framleiðandi Comirnaty bóluefnisins, [Pfizer/BioNTech](#), [hefur upplýst](#)² að vegna tilkomu omicron sé þörf á nýrri útgáfu bóluefnisins en sú útgáfa verði tilbúin í mars á þessu ári. Framleiðandinn sjálfur hefur því í raun staðfest að Comirnaty hafi ekki næga verkun gegn omicron. Meginforsenda skilyrta markaðsleyfisins er því brostin, sbr. b. lið áður nefndrar 16. gr. lyfjalaga nr. 100/2020.

Lyfjastofnun ber að hafa eftirlit með lyfjum sem eru háð skilyrtu markaðsleyfi og bregðast tímanlega við nýjum upplýsingum um virkni og aukaverkanir. Forsenda skilyrts markaðsleyfis er að fyrirbyggjandi gögn sýni að gagnsemi lyfs fyrir sjúklinga sé ávallt meiri en áhætta af notkun þess.

Engin rannsókn hefur sýnt fram á að Comirnaty veiti 5-11 ára börnum vörn gegn omicron afbrigði veirunnar. Sú rannsókn sem Lyfjastofnun byggir skilyrta markaðsleyfið á, náði ekki til omicron enda var það afbrigði ekki komið fram þegar rannsókn lauk. Notkun Comirnaty gagnvart omicron verður augljóslega ekki réttlætt með rannsókn sem ekki fjallaði um það afbrigði.

Nágrannalönd okkar hyggjast ekki bólusetja heilbrigð börn

Jafnvel áður en omicron afbrigðið tók yfir, höfðu sérfræðingar víða um heim bent á að of takmörkuð gögn lægju fyrir til að hægt væri að fullyrða að gagnsemi bóluefna gegn covid væri meiri en áhætta fyrir hraust börn. Stjórnvöld í [Finnlandi](#)³, [Noregi](#)⁴, [Svíþjóð](#)⁵ og [Bretlandi](#)⁶ hafa þegar tilkynnt að bóluefni gegn covid verði ekki í boði fyrir hraust börn, aðeins börn í sérstökum áhættuhópi geti fengið slík bóluefni.

“The main reason why THL does not recommend vaccinations at this point for all children aged 5 to 11 years is that their burden of disease is small. Infections in children of this age are usually mild and the severe disease is extremely rare compared to other vaccine-preventable diseases. When the burden of disease is small in a group, very few adverse effects are accepted. If society aims to control the epidemic by vaccinating children who themselves benefit only a little from the vaccinations, having information on safety is even more important,” segir **Hanna Nohynek**, yfirlæknir lýðheilsustofnunar Finnlands.

Hjá þessum nágrannabjóðum er öryggi og heilsa barna greinilega í fyrirrúmi.

² [Pfizer and BioNTech Provide Update on Omicron Variant](#). 8.12.21

³ [THL recommends COVID-19 vaccines for at-risk children aged 5 to 11 years](#), more information on safety is required for the entire age group. Finnish Institute for health and Welfare. 3.12.21

⁴ [Nå sendes det ut vaksiner til barn 5–11 år med alvorlig grunnsykdom](#). Folkehelseinstituttet. 5.12.21

⁵ [Barn inom särskilda grupper 5–11 år rekommenderas vaccin mot covid-19](#). Folkhälsomyndigheten. 21.12.21

⁶ [JCVI statement on COVID-19 vaccination of children and young people](#). 22.12.21. Dep. of Health & Social Care

Sérfræðingar víða um heim, hafa mælt gegn bólusetningum barna við covid

Hin virta franska læknakademía hefur í fréttatilkynningu⁷ [varað við bólusetningu hraustra barna](#) með Comirnaty bóluefninu og ber m.a. við ófullnægjandi rannsóknnum á öryggi þess. Þess má einnig geta að sextán þúsund læknar og vísindamenn hafa undirritað rökstudda [yfirlýsingu](#)⁸ um að ekki skuli bólusetja börn gegn Covid.

Omicron hefur tekið við af delta afbrigðinu

[Sóttvarnastofnun Evrópu spáir því](#)⁹ að omicron afbrigðið muni verða ráðandi í Evrópu í janúar/febrúar. Í Bretlandi virðist omicron hafa nær útrýmt delta afbrigðinu og reikna má með sömu þróun hér. [Sóttvarnalæknir segir](#) útlit fyrir að omicron "verði hér allsráðandi á næstu dögum og vikum."¹⁰

Comirnaty bóluefnið veitir ekki vörn gegn omicron smiti

Erlendar rannsóknir og gögn frá löndum þar sem omicron hefur breiðst út, sýna að fólk, fullbólusett með Comirnaty og öðrum covid bóluefnum, smitast af omicron ekki síður en óbólusett fólk.

[Framleiðandi Comirnaty hefur viðurkennt](#) að þörf er á nýju bóluefni vegna omicron. Það bóluefni sé í þróun og verði tilbúið í mars.

[Rannsókn á vegum bandarískra og kínverskra vísindamanna](#)¹¹ sýndi að virkni mótefna bólusettra var margfalt minni gagnvart omicron en delta veirunni. Niðurstaða þeirra var sú að þörf væri á nýjum bóluefnum.

[Dönsk rannsókn](#)¹² á smiti meðal sambýlinga sýndi að fullbólusettir voru álíka líklegir til að smitast af sambýlingi með omicron og óbólusettir.

Á fylgiseðli Comirnaty og í Viðauka I eru úreltar upplýsingar

Hér er mynd af þeim hluta [fylgiseðilsins](#)¹³ sem fjallar um virkni lyfsins. Þessar upplýsingar eru greinilega úreltar með tilkomu omicron. Rannsóknir sýna að mótefni Comirnaty bólusettra hafa mjög litla virkni gegn því afbrigði veirunnar sem nú herjar á landsmenn.

1 Upplýsingar um Comirnaty og við hverju það er notað

Comirnaty er bóluefni sem notað er til að koma í veg fyrir COVID-19 af völdum SARS-CoV-2 veiru.

Comirnaty 10 míkrogrömm/skammt stungulyfsþykki, ördreifa er gefið börnum á aldrinum 5 til 11 ára.

Bóluefnið fær ónæmiskerfið (náttúrulegar varnir líkamans) til að framleiða mótefni og blóðfrumur sem vinna gegn veirunni og veitir þannig vörn gegn COVID-19.

⁷ [Should children be vaccinated against Covid-19?](#) French National Academy of Medicine. 21.11.21

⁸ [Physicians Declaration II Updated Global Covid Summit.](#) 29.10.21

⁹ [Assessment of the further emergence of the SARS-CoV-2 Omicron VOC in the context of the ongoing Delta VOC transmission in the EU/EEA,](#) 18th update. ECDC. 15.12.21

¹⁰ [Frá sóttvarnalækni.](#) 20.12.21

¹¹ [Striking Antibody Evasion Manifested by the Omicron Variant of SARS-CoV-2,](#) 21.12.21

¹² [SARS-CoV-2 Omicron VOC Transmission in Danish Households.](#) 27.12.21.

¹³ [Comirnaty® 10 míkrogrömm/skammt Börn 5 til 11 ára.](#) Comirnaty Global.

Einnig má finna úreltar upplýsingar í [Viðauka I - Samantekt á eiginleikum lyfsins](#)¹⁴ en þar eru ítarlegri upplýsingar um Comirnaty bóluefni fyrir 5-11 ára. Þær eru sömuleiðis gagnslausar og villandi því þær byggja á rannsókn sem lauk í mars 2021 löngu áður en omicron kom fram.

Gagnsemi Comirnaty horfin en börn munu sitja uppi með áhættu af aukaverkunum

Á fylgiseðli með Comirnaty fyrir 5-11 ára, er langur listi yfir aukaverkanir, svo sem lömum í andliti, ofsakláða, þrota, alvarleg ofnæmisviðbrögð, bólgu í hjartavöðva og/eða gollurhúsi umhverfis hjarta, rauðir flekkir á húð auk stækkana á eitlum, verks í handlegg, svefnleysi og vanlíðan. Þess er getið að hætta á hjartabólgu er meiri við seinni skammt en þann fyrri.

Þessi listi yfir aukaverkanir er hins vegar ekki tæmandi því [rannsókn á öryggi bóluefnisins](#)¹⁵ fyrir 5-11 ára börn lýkur ekki fyrr en árið 2026.

Á fylgiseðli Comirnaty er ekkert minnst á mögulegar langvinnar og alvarlegar aukaverkanir. Slíkar aukaverkanir er að sjálfsögðu ekki hægt að útiloka á þessu stigi. Þær gætu meðal annars verið krabbamein, ófrjósemi, hormónatruflanir, taugasjúkdómar, sjálfsöfnæmissjúkdómar, hjartveiki og fleira. Eðlilegt hefði verið að vekja einnig athygli á þessari áhættu á fylgiseðli.

Varðandi langvinnar aukaverkanir má rifja upp [rannsókn á vegum Lýðheilsustofnunar Noregs](#)¹⁶, NIPH, sem leiddi í ljós fimmfalda aukningu á tíðni drómasýki hjá þeim börnum og ungmennum sem höfðu verið bólusettt við svínaflensu veturinn 2009-10. Að meðaltali liðu átta mánuðir frá bólusetningu þar til drómasýkin uppgötvaðist. Engin lækning hefur fundist við [drómasýki](#).

Þann [30.12.2021 hafði Lyfjastofnun borist](#)¹⁷ 5.917 tilkynningar um aukaverkanir vegna bóluefna gegn Covid-19, þar af 259 alvarlegar. Tilkynntar aukaverkanir vegna Comirnaty voru 2.564 þar af 126 alvarlegar. Það er því ljóst að bólusetning með Comirnaty er ekki hættulaus.

Forsendur skilyrta markaðsleyfis eru brostnar

Í [tilkynningu Lyfjastofnunar "Comirnaty \(Pfizer/BioNTech\) samþykkt hjá 5-11 ára](#) kemur skýrt fram á hvaða forsendum hið skilyrta markaðsleyfi er veitt:

"Áhrif Comirnaty voru skoðuð í rannsókn á nærri 2.000 börnum á aldrinum 5-11 ára. Rannsóknin leiddi í ljós að Comirnaty framleiddi sambærilega svörun mótefna hjá 5-11 ára þegar það var gefið í minni skammti (10 µg) og fékkst í niðurstöðu hjá fólki á aldrinum 16-25 ára í 30 µg skammti. Að auki þróuðu þrjú þeirra 1.305 barna sem sem fengu bóluefnið með sér COVID-19 samanborið við 16 börn af 663 sem fengu lyfleysu. Þýðing þessara niðurstaðna er sú að bóluefnið er 90,7% virkt í vörn gegn einkennum COVID-19 (þrátt fyrir að raunveruleg virkni gæti verið einhvers staðar á bilinu 67,7%-98,3%).

Algengustu aukaverkanir hjá börnum á aldrinum 5-11 ára eru svipaðar og hjá þeim sem eru 12 ára og eldri. Meðal annars má nefna verk á stungustað, þreytu, höfuðverk, roða og bólgu á stungustað, vöðvaverki og kuldaþroll. Einkennin eru yfirleitt væg og ganga yfir á nokkrum dögum.

¹⁴ [VIÐAUKI I SAMANTEKT Á EIGINLEIKUM LYFS](#), Comirnatyeducation.is.

¹⁵ [A Phase 1/2/3 Study to Evaluate the Safety, Tolerability, and Immunogenicity of an RNA Vaccine Candidate Against COVID-19 in Healthy Children and Young Adults](#). Pfizer/BioNTech

¹⁶ [Narcolepsy after swine influenza pandemic](#). Norwegian Institute of Public Health. 29.3.17

¹⁷ [Fjöldi aukaverkanatilkynninga vegna COVID-19 bóluefna](#). Lyfjastofnun. 30.12.21

Í ljósi þessara niðurstaðna gat sérfræðinefndin því ályktað að gagnsemi Comirnaty hjá börnum á aldrinum 5-11 væri meiri en áhættan, sér í lagi hjá þeim með undirliggjandi þætti sem auka áhættuna á alvarlegum COVID-19 sjúkdómi.

Grannt verður fylgst með öryggi og virkni bóluefnisins áfram, rétt eins og verið hefur til þessa." Lyfjastofnun, 25.11.2021¹⁸. (leturbr. undirr.)

Rannsókn þeirri sem Lyfjastofnun vísar til um virkni og öryggi Comirnaty lauk 31. mars 2021 og því gat hún ekki náð til omicron afbrigðisins. Nú er orðið ljóst að omicron afbrigðið er verulega frábrugðið þeim afbrigðum sem rannsóknin náði til, bæði hvað varðar smithæfni og eðli veikinda. Í [tilkynningu Pfizer og BioNtech frá 8. desember 2021](#) er þetta staðfest og jafnframt upplýst að fyrirtækin séu að þróa nýja útgáfu bóluefnisins fyrir omicron afbrigðið sem verði fáanlegt í mars. Þessi tilkynning framleiðandans hefði ein og sér átt að duga til að Lyfjastofnun afturkallaði hið skilyrta markaðsleyfi.

Óvissa er um áhrif Comirnaty á börn með náttúrulegt ónæmi gegn omicron

Vegna smithraða omicron má reikna með að stór hluti barna smitist og myndi náttúrulegt ónæmi áður en bólusetningu lýkur. Náttúrulegt ónæmi er talið endingarþetra en ónæmi eftir bólusetningu. Ljóst er að börn með nýfengið náttúrulegt ónæmi gegn omicron hafa því ekki gagn af bólusetningu, aðeins mögulegan skaða.

Rannsókn Pfizer kannaði ekki áhrif og öryggi bóluefnisins á börn sem höfðu þegar myndað náttúrulegt ónæmi. Því er ekki hægt að útiloka að hætta á aukaverkunum sé meiri fyrir slík börn. [Vísbendingar hafa þegar komið fram](#)¹⁹ um að sú hætta sé til staðar með Comirnaty bóluefnið.

Óvissa er um áhrif Comirnaty á börn sem glíma við smit

Áform um að bólusetja börn í miðri smitbylgju veldur aukinni hættu og óvissu um heilsu barnanna til framtíðar. Meirihluti barna sem smitast, virðist ekki fá einkenni og engin áform eru um að skima börn áður en þau eru bólusett. Líklegt er að mörg börn með smit verði því bólusett að óbreyttu. Ekki hefur verið rannsakað hvaða skaða bóluefnið getur valdið barni sem glímir við smit.

Gagnsemi bólusetningar er ekki til staðar

Hér á landi hafa um fjögur þúsund börn á aldrinum 5-11 ára greinst með Covid. Ekkert þeirra þurfti innlögn enda sýna rannsóknir að sjúkdómurinn er mildastur í þessum aldurshópi. Lyf gegn svo mildum einkennum verða að vera mjög örugg og laus við alla óvissu, því minnsti skaði þurrkar út allan ábata af lyfjagjöf.

Það er ekki mögulegt að halda því fram að gagnsemi Comirnaty fyrir heilbrigð 5-11 ára börn sé meiri en áhættan því áhættan þarf að vera þekkt og ákaflega lítil. Þar til frekari rannsóknir hafa verið gerðar á virkni Comirnaty gegn omicron hjá 5-11 ára börnum er ekki hægt að fullyrða að gagnsemi sé fyrir hendi og því síður að gagnsemi sé umfram áhættu, því áhættan er ekki að fullu rannsökuð.

¹⁸ [COVID-19: Comirnaty \(Pfizer/BioNTech\) samþykkt hjá 5-11 ára](#). Lyfjastofnun. 25.11.21

¹⁹ [Previous COVID-19 infection, but not Long-COVID, is associated with increased adverse events following BNT162b2/Pfizer vaccination](#). Journal of Infection. Sept 2021.

Í fyrrnefndri tilkynningu Lyfjastofnunar um veitingu skilyrts markaðsleyfis, gefur stofnunin fyrirheit um að "fylgjast grannt með öryggi og **virgni** bóluefnisins áfram, rétt eins og verið hefur til þessa." Ekki hafa komið fram nein merki um að Lyfjastofnun hafi sinnt því að fylgjast með virkni bóluefnisins. Jafnvel tilkoma nýs afbrigðis veirunnar og tilkynning framleiðanda um að virkni bóluefnisins sé stórlega skert hefur ekki leitt til viðbragða hjá Lyfjastofnun.

Samkvæmt b. lið 16. gr. lyfjalaga **skal** Lyfjastofnun afturkalla markaðsleyfi ef ekki er hægt að sýna fram á að samband milli ávinnings og áhættu sé hagstætt. :

16. gr. Afturköllun, tímabundin niðurfelling eða breyting markaðsleyfis.

Lyfjastofnun skal afturkalla, fella niður tímabundið eða breyta markaðsleyfi lyfs ef:

- a. talið er að lyfið sé skaðlegt eða búi ekki yfir lækningaverkun,
- b. talið er að sambandið milli ávinnings og áhættu af notkun lyfsins sé ekki hagstætt,

Fyrirhugaðar áætlanir brjóta í bága við alþjóðlegar kröfur

Samkvæmt ályktun Evrópuráðsins 27. janúar 2021, sjá ályktun nr. 2361²⁰, um bólusetningar við Covid-19, ber aðildarríkjum að tryggja að bóluefnin séu algerlega örugg (complete safety). Með vísan til þess sem að framan greinir um ónægar rannsóknir og breyttar aðstæður verður ekki með nokkru móti talið að þessi áskilnaður sé uppfylltur gagnvart umræddu lyfi og notkunar þess fyrir 5-11 ára gömul börn.

Ástæða er til að áréttta sérstaklega efni gr. 7.4. Í framangreindri ályktun Evrópuráðsins, þar sem orðrétt segir í gr. 7.4.1. að í tilviki bólusetningar barna vegna Covid-19 skuli vera tryggt að jafnvægis gæti milli hraðrar þróunar bóluefna og öryggiskrafna, sem og krafna um árangur og að algjört öryggi og skilvirkni (e. Complete safety and efficacy) sé tryggt í tilviki barna og áherslan sé á að aðgerðir miðist við að hagsmunir barna séu hafðir í fyrirrími.

Þá segir í gr. 7.4.2 að tryggt skuli vera að slíkar lyfjagjafir byggi á hágæða rannsóknnum þar sem allra viðeigandi öryggiskrafna er gætt í samræmi við alþjóðlegar leiðbeiningar og kröfur, þar sem m.a. sé lagt yfirvegað mat á áhættu og ábata fyrir þau börn sem í hlut eiga.

Síðastgreind sjónarmið eru í fullu samræmi við markmið barnalaga nr. 76/2003, barnasáttmála SP o.fl.

Af hálfu kæranda er jafnframt lögð áhersla á að grundvöllur hins skilyrta markaðsleyfis er nú brostinn sé miðað við [skilgreiningu Lyfjastofnunar ESB](#)²¹ (European Medicines Agency) þar sem fram kemur að síðastgreind stofnun geti gefið út skilyrt markaðsleyfi ef talið er að **ÖLL** eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

- Jákvætt ábata / áhættumat (e. benefit-risk balance of the medicine is positive)
- Ef telja má líklegt að umsækjandi geti lagt fram tæmandi gögn eftir útgáfu leyfisins
- Lyfið uppfyllir læknisfræðilega nauðsyn

²⁰ [Covid-19 vaccines: ethical, legal and practical considerations](#). Council of Europe, Resolution 2361 (2021),

²¹ [Conditional marketing authorisation](#). EMC, sótt 1.1.22

- Ábati skjóts aðgengis að lyfinu er meiri en áhættan sem fylgir því að gögn skorti

Kærandi telur ljóst að þar sem á það skortir að öll framangreind skilyrði séu uppfyllt beri að afturkalla leyfið.

Samantekt

Í ljósi allra framangreindra atvika og málsástæðna telur kærandi blasa við að Lyfjastofnun beri án tafar að afturkalla hið skilyrta markaðsleyfi. Áframhaldandi athafnaleysi telst vera óábyrg stjórnsýsla og vítavert aðgæsluleysi, auk þess sem slík vanræksla brýtur í bága við varúðarreglu læknávisindanna (e. Precautionary Principle).

Fyrir liggur að um er að ræða bóluefni sem ekki hefur farið í gegnum allt hefðbundið ferli og ekki staðist öll lögmæt próf. Auk þess hafa á síðustu 12 mánuðum birst fjölmörg viðvörunarmerki, þar á meðal gríðarleg aukning tilkynninga um aukaverkanir, sjá m.a. gagnagrunn VAERS í Bandaríkjunum.

Sóttvarnalæknir upplýsti 13. desember að börnum 5-11 ára byðist Comirnaty bóluefnið. Sú ákvörðun virðist tekin áður en gögn lágu fyrir um omicron. Áformað mun vera að bólusetningar 5-11 ára hefjist af fullum krafti 4.-5. janúar.

Samkvæmt öllu framangreindu þolir erindi þetta enga bið. Með skírskotun til varúðar- og aðgæslusjónarmiða er þess því krafist að ráðherra leggi fyrir Lyfjastofnun að afturkalla hið skilyrta leyfi nú þegar til að afstýra að úrelt og óöruggt bóluefni valdi óafturkræfu tjóni á heilsu barna sem ekki eru í neinni hættu af omicron afbrigði SARS-CoV-2 veirunnar.

Afrit af stjórnsýslukæru þessari er sent til forstjóra Lyfjastofnunar og þeirra starfsmanna sem bera ábyrgð á því að afturkalla skilyrt markaðsleyfi þegar forsendur bresta. Skorað er á viðtakendur að gera nú þegar nauðsynlegar og viðeigandi ráðstafanir til að afstýra því að skilyrtu markaðsleyfi verði beitt til að réttlæta notkun lyfsins Comirnaty fyrir 5-11 ára börn. Verði það ekki gert, munu þúsundir barna fá úrelt bóluefni sem færir þeim engan ávinning, heldur aðeins óvissu og mögulegan skaða og skerta heilsu til frambúðar.

VII. Áskilnaður

Áskilinn er allur réttur til að leggja fram frekari gögn og röksemdir á síðari stigum.

Virðingarfyllst, f.h. kæranda,



Arnar Þór Jónsson hrl.